

Mars 2015

**ATHUGASEMDIR VEGNA ÍBÚAFUNDAR UM STAÐARVAL
FJÖLNOTA ÍPRÓTTAHÚSS**

**Baldvin Björn Haraldsson
Halldór Ragnar Emilsson
Helgi Hrannarr Jónsson
Kristinn Ingi Lárusson
Sigurhjórtur Sigfússon
Svanhildur Nanna Vigfúsdóttir
Valgeir Sigurðsson**

I. INNGANGUR OG BEIÐNI UM ÁHEYRN Á FUNDUM SKIPULAGSNEFNDAR OG ÍPRÓTTA- OG TÓMSTUNDARÁÐS

Á vef Garðabæjar undir liðnum “Íbúafundur um staðarval fjölnota íþróttahúss” hefur áhugasömum verið bent á að mögulegt sé að senda inn athugasemdir vegna staðarvals slíks húss í Garðabæ.

Athugasemdir þessar eru sendar af undirrituðum einstaklingum sem eru foreldrar barna og unglunga sem stunda knattspyrnu í yngri flokkum Stjörnunnar, þjálfarar yngri flokka í knattspyrnudeild, fulltrúar barna- og unglungaráðs Stjörnunnar, fulltrúar nefndar um gerð og staðsetningu knatthúss í Garðabæ og áhugafólk um byggingu fjölnota knatthúss í Garðabæ.

Þess er óskað að neðangreint verði teknar til skoðunar og umfjöllunar af bæjarstjórn Garðabæjar og á fundum skipulagsnefndar og íþróttá- og tómstundaráðs sem um málið fjalla.

Þess er einnig óskað að fulltrúar undirritaðra fái tækifæri til að ræða umræddar athugasemdir á fundum nefndanna.

Áskilinn er réttur til að senda inn frekari athugasemdir ef tækifæri gefst til.

II. HELSTU ATHUGASEMDIR VIÐ GREINARGERÐ TEIKNISTOFU ARKÍTEKTA

Miðvikudaginn 18. mars s.l. var haldinn íbúafundur um fjölnota knatthús í Garðabæ. Á fundinum var greinargerð teiknistofu arkitekta kynnt, en greinargerðin var unnin fyrir bæjarstjórn Garðabæjar og metur kosti og galla þeirra staðsetninga fyrir knatthús í Garðabæ sem hafa verið í umræðunni.

Í greinargerðinni er komist að þeirri niðurstöðu að staðsetning hússins í Vetrarmýri sé heppilegasta niðurstaðan út frá skipulagslegum sjónarmiðum. Skemmst er frá því að segja að fulltrúar Stjörnunnar og margir áhugamenn um byggingu knatthúss telja greinargerðina gefa afar skakka mynd af því hver áhrif þess verða ef knatthús verður byggt á Ásgarðssvæði. Þá virðast höfundar algerlega líta fram hjá raunverulegum ástæðum þess að ráðist er almennt í byggingu slíks knatthúss, þ.e. (i) að húsið eigi að bæta aðstöðu til knattspyrnuíðkunar barna og unglunga; og (ii) að húsið þjóni íbúum Garðabæjar til annarra nota en knattspyrnuíðkunar með sem bestum og hagkvæmustum hætti.

Helstu athugasemdir sem undirritaðir aðilar gera við forsendur og niðurstöður greinargerðarinnar eru eftirfarandi:

- 1. Komist er að þeirri niðurstöðu að staðsetning knatthúss á Ásgarðssvæði skapi hættu á örtröð bílaumferðar og kalli á endurbætur á gatnakerfi. Ekki eru færðar sérstakar röksemdir fyrir umræddri niðurstöðu í greinargerðinni. Á Ásgarðssvæðinu hafa börn, unglingar og fullorðnir stundað knattspyrnu á**

undanförnum árum og áratugum. Staðsetning knatthúss á svæðinu mun auka við æfingasvæði Stjórnunnar til iðkunar knattspyrnu en eins og þekkt er, eru slíkar æfingar fyrir börn og unglinga ekki haldnar fyrr en eftir að skólatíma lýkur hvern dag. Umferð vegna slíkra æfinga mun því ekki hafa teljandi áhrif á þá umferð sem þegar er um svæðið vegna þeirra skóla sem eru staðsettir á svæðinu. Vissulega munu rekstraraðilar sækjast eftir að nýta húsið með einhverjum hætti á skólatíma en áhrifin á umferð á þeim tíma dags verður óveruleg. Rétt er að minnst á að megin áhyggjuefni vegna umferðarmála á Ásgarðssvæðinu eru þegar fyrir hendi vegna umferðar foreldra á skólatíma. Telja verður að hús á Ásgarðssvæðinu gæti dregið úr umferð eftir skóla vegna þeirra skólabarna sem sótt geta æfingar beint eftir skóla án þess að þurfa að ferðast annað á knattspyrnuæfingar.

2. Greinargerðin bendir á að þröngt sé um bílastæði á Ásgarðssvæðinu.

Vakin er athygli á að á ofangreindum fundi settu fulltrúar Stjórnunnar og aðrir áhugamenn um byggingu knatthúss fram hugmyndir sínar um að húsið skuli byggjast á Ásgarðssvæðinu og var á fundinum sýnt líkan af knatthúsi á Ásgarðssvæðinu. Dregur líkanið fram góða mynd af afstöðu hússins, hæð þess og stærð í hlutfalli við aðrar byggingar á svæðinu. Eins og þekkt er, og glögglega má sjá af umræddu líkani, er með einföldum hætti hægt að auka verulega við bílastæðamagn á Ásgarðssvæðinu, til hagsbóta fyrir þá sem sækja skóla þar, sem og starfsmenn Flata- og Garðaskóla. Bent hefur verið á að pláss er fyrir nálægt 300 bílastæðum á svæðinu, auk þeirra sem þegar eru þar. Bílastæðavandamál á Ásgarðssvæði eru í dag úrlausnarefni og tengist ekki sérstaklega byggingu knatthúss á svæðinu, vegna þess tíma dags sem húsið er mest nýtt á, sbr. ofangreint. Jafnframt mætti benda á nýjan bílastæðakjallara sem bæjarsjóður Garðabæjar hefur nýlega fjárfest í og hýsir töluverðan fjölda bifreiða og er vel innan göngufæris við Ásgarðssvæðið.

3. Greinargerðin bendir á að knatthús á Ásgarðssvæði sé í nánd við íbúðarbyggð eða umferðarmannvirki.

Rétt er að knatthús á Ásgarðssvæði er nálægt húsum á Stekkjarflöt. Höfundar greinargerðarinnar teikna húsið upp með þeim hætti að halda mætti að allt útsýni húsa á Stekkjarflöt væri horfið og eina sem sæjist út um glugga húsa á Stekkjarflöt væri gafli hússins. Undirritaðir telja fráleitt að málið sé lagt upp með þeim hætti og benda á útfærslu í ofangreindu líkani, þar sem húsið hefur verið grafið niður á sama plan og önnur hús á svæðinu, eða um 3 metra frá grunnfleti knattspyrnuvalla á Ásgarðssvæðinu. Af líkaninu sést glögglega að þegar slíkt er gert, ber hæsti punktur knatthússins við þök þeirra húsa sem eru norðarlega á Stekkjarflöt og er lægra en hæsti punktur á Flataskóla. Tekið skal fram að í líkaninu er gert ráð fyrir húsi sem er 15 metrar að hæð frá gólfi í hæsta punkt utanhúss. Af þeim sökum mun útsýni frá húsum við Stekkjarflöt ekki skerðast svo teljandi sé, auk þess sem útsýnið sem skerðast kann, er í dag yfir æfingasvæði Stjórnunnar og aðrar byggingar á svæðinu. Rétt er að taka fram að knatthús í Vetrarmýri verður einnig nærri íbúabyggð samkvæmt teikningum skýrsluhöfunda.

4. Greinargerðin bendir á að á Ásgarðssvæðinu séu þröngir staðsetningarkostir.

Þessu er mótmælt og sýnt hefur verið fram á að stórt knatthús passar vel á svæðinu ef það er sett yfir knattspyrnuvelli á svæðinu. Þá er hægt með einföldum hætti að færa knattspyrnuvelli innan svæðisins eins og sýnt var fram á með framangreindu líkani. Teljum við að með knattspyrnuhúsi á Ásgarsvæðinu sé verið að nýta svæðið enn betur en gert er í dag.

5. Greinargerðin bendir á að núverandi íþróttavellir skerðist á Ásgarðssvæðinu og að ekki sé mögulegt að bæta við íþróttavöllum innan svæðisins.

Þetta telja undirritaðir fráleitar staðhæfingar. Ástæða þess að slíkt hús byggist er nýting knattspyrnuíðkenda innan vébanda Stjórnunnar. Stjarnan telur sjálf að heppilegasta staðsetning hússins sé á Ásgarðssvæðinu og hefur bent á mögulega færslu valla innan svæðisins. Þá hafa fulltrúar Stjórnunnar einnig bent á svæði sunnan lækjarins sem mögulegt svæði fyrir frekari íþróttavelli. Höfundar greinargerðarinnar hafa því engar forsendur til að komast að umræddri niðurstöðu, né heldur að setja rautt stoppmerki við umrædd atriði, til þess eins að draga úr vægi Ásgarðssvæðisins sem heppilegrar staðsetningar fyrir knatthús.

6.

Greinargerðin telur það Vetrarmýrinni til tekna að svæðið sé “miðlægt á höfuðborgarsvæðinu”.

Undirrituðum er ekki fullljóst hvað slík fullyrðing þýðir eða hvaða áhrif henni er ætlað að hafa, en telja þó fráleitt að hægt sé að telja það svæðinu til tekna. Staðsetning slíks húss hlýtur að þurfa að vera miðlægt í Garðabæ enda er ekki verið að byggja slíkt hús fyrir höfuðborgarsvæðið sem heild, heldur fyrir íbúa Garðabæjar. Það væri fróðlegt að vita hvort höfundar greinargerðarinnar kæmust að sömu niðurstöðu ef verið væri að meta heppilega staðsetningu knatthúss fyrir starfsemi KR. Ólíklegt er að Vesturbærinn teldi Vetrarmýri góða staðsetningu fyrir knattspyrnuhús KR, þótt það sé “miðlægt á höfuðborgarsvæðinu”. Auk þess er mjög óverulegur munur á fjarlægð frá þungamiðju höfuðborgarsvæðisins að annars vegar Ásgarði og hins vegar Vetrarmýri. Þessi munur er aðeins um 300 metrar.

7. Greinargerðin telur það Vetrarmýrinni til tekna að svæðið sé “við stofnbraut og tengibraut”.

Þetta telja undirritaðir vera verulegan misskilning enda hefur staðsetning knattspyrnusvæðis handan stofnbrautar frá íbúabyggð ávallt verið verulegur galli. Þetta þekkja KR-ingar enda hefur þeim gengið afar illa að fá til æfinga hjá KR íbúa sem búa norðan Hringbrautar. Sama gildir um æfingasvæði Vals enda liggja kringum það svæði stofnbrautir. Vífilstaðavegur liggur hins vegar beint í gegnum Garðabæ og Ásgarður er mikilvæg miðja Garðabæjar. Sú umferðaraukning sem myndi eiga sér stað í gegnum bæinn gengur algerlega á skjön við fyrri yfirlýsingar forsvarsmanna bæjarins um að Vífilstaðavegurinn verði gegnumakstursvegur. Foreldrar barna sem stunda knattspyrnu í Stjórnunni búa flestir stutt frá Ásgarði, 46,4% íðkenda hjá knattspyrnudeild Stjórnunnar búa innan 1.000 metra frá Ásgarði en ekki nema 15,2% frá

Vetrarmýrinni, ef miðað er við 1.500 metra þá er hlutdeildin 77,5% frá Ásgarði en ekki nema 36,7% frá Vetrarmýrinni. Nokkuð augjóst er því hvar hentugasti staður fyrir knatthús er út frá hagsmunum þeirra sem nýta munu húsið.

8. Framsetning greinargerðarinnar.

Undirritaðir benda á að við fyrstu birtingu greinargerðarinnar var litum hússins háttað þannig að hús sem staðsett var í Ásgarði og í Hofsstaðamýri var sett fram í skærum litum sem virðast á myndum hafa mikil áhrif í umhverfinu. Hús í Vetrarmýri var hins vegar í hvítum lit og féll þannig betur í aðliggjandi byggð á teikningum. Slíkt er fallið til þess að hafa mikil áhrif á þá sem slíkar teikningar skoða og þetta vita þeir fullvel sem slíkar teikningar útbúa þrátt fyrir að ekki hafi verið ætlunin að búa til ósamræmi milli staðsetninga. Vanda þarf betur til verka þegar slíkt er kynnt einfaldlega til að fyrirbyggja tortryggni gagnvart vinnubrögðum. Nú hefur þetta verið lagað í nýrri útgáfu greinargerðarinnar og ekki tilefni til að fjalla um það frekar.

Teikningar í greinargerðinni eru einnig því marki brenndar að myndir af húsi í Vetrarmýri eru teknar úr mikilli fjarlægð en hluti mynda af húsi á Ásgarðssvæði eru sýndar í mikilli nálægt við aðliggjandi hús. Þá er afstaða hússins frá Stekkjarflöt með þeim hætti að fráhrindandi er. Þetta þarf að laga að mati undirritaðra og gæta þarf meira jafnræðis við umfjöllun mismunandi staðsetninga í greinargerðinni þrátt fyrir niðurstöðu hennar.

Skýrslan tekur aukinheldur ekki til greina þá félagslegu þætti sem tengjast nýtingu hússins. Við framsetningu hennar á framangreindum íbúafundi var tekið fram að skýrslan væri skipulagslegs eðlis og því væri ekki fjallað um slíka þætti. Þegar skýrslan er lesin kemur hins vegar í ljós að hún fjallar einmitt talsvert um félagslega þætti slíkrar byggingar, bara ekki þá félagslegu þætti sem Stjarnan hefur sett fram og skipta mestu máli við notkun hússins.

III. HELSTU RÖKSEMDIR FYRIR BYGGINGU KNATTHÚSS Á ÁSGARÐSSVÆÐI FRÁ SJÓNARHÓLI NÝTINGAR HÚSSINS OG HAGSMUNA BÆJARBÚA ALMENNT

Þær helstu röksemdir sem Stjarnan og áhugamenn um byggingu knatthúss hafa lagt fram fyrir því að húsið skuli byggt á Ásgarðssvæðinu eru eftirfarandi:

1. Bæði aðalstjórn Stjórnunnar og stjórn Knattspyrnudeildar hafa ályktað að framtíðarsvæði Stjórnunnar sé og eigi að vera á Ásgarðssvæðinu;
2. Ljóst er að Ásgarður mun geta þjónast Stjórnunni um ókomna tíð og er lega svæðisins einstaklega miðsvæðis með góðri aðkomu fyrir iðkendur þó bæta þurfi aðgengi bílaumferðar;
3. Bygging hússins á Ásgarðssvæði eykur styrk Stjórnunnar sem félags og eflir félagsandann;

4. Það er eindregin afstaða foreldra iðkenda í knattspyrnudeild (61%) að húsið rísi á Ásgarðssvæðinu. Um 13% foreldra telja að Vetrarmýri sé heppileg staðsetning;
5. Fjölnota íþróttahús á Ásgarðssvæði mun ekki leiða til aukinnar umferðar á skólatíma;
6. Vel er hægt að koma fyrir allt að 300 auka bílastæðum á Ásgarðssvæði (á svæði við Hafnarfjarðarveg), enn fleiri ef byggt er bílastæðahús;
7. Margar leiðir eru færar til að bæta umferðarleiðir á Ásgarðssvæði – slíkar úrbætur eru löngu tímabærar óháð byggingu fjölnota íþróttahúss;
8. Lega Ásgarðssvæðisins er miðsvæðis með góðri aðkomu fyrir iðkendur – staðsetning hússins leiðir af sér að bæjarbúar eiga auðveldara með að ganga og hjóla í frístundir;
9. Lágmarksskerðing verður á útsýni á Stekkjarflöt. Nokkrir af helstu stuðningsmönnum þess að húsið byggist á Ásgarðssvæðinu munu verða fyrir skerðingu á útsýni sínu. Þeir aðilar telja heildarhagsmuni bæjarbúa ganga framár sínum eigin;
10. Ásgarðssvæðið er þegar skipulagt undir íþróttastarfsemi og því væri ekki verið að nýta dýrmæta lóð undir byggingu slíks húss, sem gæti sparað talsverða fjármuni fyrir bæjarsjóð;
11. Ásgarðssvæðið mun styrkjast sem heild og verslun og þjónusta í kringum svæðið, þ.m.t. á nýju Garðatorgi, mun njóta góðs af;
12. Fjöldmörg tækifæri opnast fyrir Flataskóla og Garðaskóla m.a. við samþættingu og samfellu skóla- og íþróttastarfs;
13. Eldri borgurum gefst kostur á að nýta aðstöðuna á sama tíma og sundlaug og/eða önnur íþróttastaða er nýtt;
14. Með byggingu hússins á Ásgarðssvæðinu verður nýting þess háværkuð og kostnaði við framkvæmdina haldið í lágmarki. Samnýting næst við rekstur blautrýma og starfsmannahald, en þeir þættir vega lang þyngst í rekstri slíkra mannvirkja;
15. Ásgarðssvæði verður einn sterkasti íþróttakjarni landsins.

IV. HELSTU RÖKSEMDIR FYRIR BYGGINGU KNATTHÚSS Á ÁSGARÐSSVÆÐI FRÁ

SJÓNARHÓLI ÞJÁLFARA YNGRI FLOKKA KNATTSPYRNUDEILDAR STJÖRNUNNAR

1. Hámarksnýting næst í knatthúsi staðsettu í Ásgarði þar sem mjög auðvelt væri að flytja skipulagðar útiæfingar á núverandi gervigrasvöllum í Ásgarði inn í knatthúsið með skömmum fyrirvara. Það væri illmögulegt að flytja yngri iðkendur yfir í knatthús í Vetrarmýri;
2. Sumaræfingatafla miðast eðlilega við útiæfingar á gervigrasvöllum Ásgarðssvæðis. Veðurfar á sumrin getur einkennst af rigningu, roki og jafnvel kulda (líkt og sl. sumar) og þá væri kjörstaða fyrir þjálfara að geta flutt æfingar inn í knatthús. Knattthús á Ásgarðssvæði býði uppá þann möguleika að flytja æfingar inn í knatthús á Ásgarðssvæði í slæmu veðri á sumrin og væri því í nýtingu allt árið. Knattthús í Vetrarmýri væri í lítilli sem engri notkun í júní, júlí og ágúst sem væri sorgleg staðreynd;
3. Margir iðkendur félagsins stunda fleiri greinar samhliða knattspyrnu og oftast en ekki raðast æfingatöflur deilda á þann veg að æfingar eru strax í kjölfar hvorrar annar. Knattthús í Vetrarmýri gerir nær ómögulegt fyrir þessa iðkendur að komast beint á æfingar hjá öðrum deildum félagsins beint fyrir/eftir fótboltaæfingu og takmarkar því mikið möguleika deilda félagsins við uppröðun æfingataflna;
4. Einnig hlýtur það að teljast kostur fyrir iðkendur og foreldra að geta klárað tvær æfingar í röð í tveimur greinum, sama daginn, í stað þess að dreifast mikið yfir alla vikuna;
5. Knattthús staðsett á Ásgarðssvæði myndi styrkja enn frekar sérstöðu og keppnissvæði TM Móts Stjörnunnar sem er eitt stærsta íþróttamót landsins með um 2.500 þátttakendum í 5. 6. og 7. fl. kk. og kvk. Knattthús í Vetrarmýri myndi takmarka stærð mótsins afar mikið ef mótið yrði haldið þar. Ef mótið yrði haldið á báðum stöðum (útigervigras í Ásgarði og knattthús í Vetrarmýri) myndi mótið missa þá gríðarlegu stemningu og fjölda fólks sem yrði samankominn á Ásgarðssvæðinu – sem er eitt aðaleinkenni mótsins;
6. Staðsetning knattthúss í samhengi við TM mót Stjörnunnar er gott dæmi um hvaða áhrif dreifð aðstaða deildarinnar hefur á nýtingu, möguleika, stemningu og félagsanda deildarinnar.

V. NOKKRAR AF HELSTU AFLEIÐINGAR BYGGINGAR KNATTHÚSS Í VETRARMÝRI AÐ MATI UNDIRRITAÐRA

1. Knattspyrnuíðkun Stjörnunnar yrði skipt í tvö svæði og Garðabær missir enn einu sinni af því að geta byggt miðlægum kjarna í bænum;
2. Umferð um Garðabæ mun aukast verulega sem gengur þvert gegn ríkjandi

sjónarmiðum um bæjarskipulag;

3. Börnum og unglingum verður gert óhægt um vik með að hjóla og ganga á æfingar;
4. Knattús verður verulega dýrara í rekstri vegna skorts á samnýtingu blautrýma og samlegðar í starfsmannahaldi. Á sama tíma verður húsið augljóslega minna nýtt vegna staðsetningar sinnar og þar af leiðandi enn dýrara í rekstri með tilheyrandi áhrif á afkomu bæjarsjóðs;
5. Knattús verður hinum megin stofnbrautar við þá byggð þar sem notendur hússins búa. Slíkt dregur úr notkun.
6. Það verður raunverulegur valkostur fyrir iðkendur Stjórnunnar að sækja æfingar í önnur íþróttafélög í nágretta sveitarfélögum. Þar má nefna að formleg samvinna knattspyrnudeildar Stjórnunnar og UMF Álftaness hefur falið í sér að unglingar af Álftanesi koma í Stjórnuna í 4. flokki. Fyrir þessa iðkendur kann það að vera álitlegur valkostur að sækja æfingar í Kapplakrika. Fyrir þá fjölmörgu iðkendur sem búa í Akrahverfi og nálægum hverfum verður einfaldara að sækja æfingar í Fífunni í Kópavogi.

Garðabær, 24. mars 2015

VI. Fylgigögn (sér skrár)

1. Greining á búsetu iðkenda knattspyrnudeildar
2. Yfirlýsing Aðalstjórnar Stjórnunnar
3. Yfirlýsing Knattspyrnudeildar Stjórnunnar